

## MERKI JAFNLAUNASTAÐFESTINGAR

### REGLUR UM NOTKUN

1. Eingöngu Jafnréttisstofa getur veitt fyrirtæki heimild til að nota merki vegna jafnlaunastaðfestingar.
2. Fyrirtæki sem hlotið hefur jafnlaunastaðfestingu frá Jafnréttisstofu fær heimild til að nota merkið.
3. Fyrirtæki er heimilt að nota merkið þann tíma sem jafnlaunastaðfesting er í gildi, þ.e. í þrjú ár.
4. Fyrirtæki sem fær endurnýjaða jafnlaunastaðfestingu að þremur árum liðnum fær endurnýjaða heimild til að nota merkið.
5. Merkið staðfestir að fyrirtæki hafi komið sér upp jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur 8. gr. laga nr. 150/2020.
6. Merkið er í eigu Jafnréttisstofu. Óheimilt er að breyta merkinu.
7. Jafnréttisstofa fylgir því eftir að fyrirtæki fjarlægir merkið af heimasíðum/kynningarefni hafi það ekki lengur gilda jafnlaunastaðfestingu.

#### *Upplýsingar um merkið:*

Merkið er hringlaga með grænum hring utan um svartan grunn. Á svarta grunninn er ritað *Jafnlaunastaðfesting* með grænum og hvítum stöfum og tákn Jafnréttisstofu er hvítt fyrir ofan stafina.

Merkið er hannað af Dagnýju Reykjalin grafískum hönnuði hjá Blek í samstarfi við Jafnréttisstofu. Það á sér samsvörun við annað kynningarefni tengt jafnlaunastaðfestingu.



*Merki jafnlaunastaðfestingar*